

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
23. ágú. 2011	
8.9.0	
Tilv.	_____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 23. ágúst 2011
UST20110600255/hmj

Efni: Önnur umsögn Umhverfisstofnunar vegna natríumklóratverksmiðju Kemira á Grundartanga

Vísað er í erindi Skipulagsstofnunar dags. 2. ágúst sl. þar sem óskað er frekari umsagnar um mögulega matsskyldu natríumklóratverksmiðju Kemira á Grundartanga í ljósi svara framkvæmdaraðila við fyrri umsögn Umhverfisstofnunar dags. 18. júlí sl.

Útblástur

Varðandi magn og áhrif natríumklórats í útblæstri frá verksmiðjunni taldi Umhverfisstofnun að framkvæmdaraðili ætti að leggja fram skýrari upplýsingar um magn og rannsóknir varðandi möguleg áhrif efnisins á lífríki og heilsu fólks. Framkvæmdaraðili lagði fram skýrslu gerða af Umhverfisstofnun Bandaríkjanna þar sem fram kemur að sé farið eftir leiðbeiningum þeirrar stofnunar um meðhöndlun verði ekki umtalsverð umhverfisáhrif af natríumklóratnotkun. Samkvæmt svörum framkvæmdaraðila samsvarar útblástur natríumklórats á rekstartíma verksmiðjunnar innan við 1 kg á dag og því líkur á áhrifum á lífríki og heilsu fólks hverfandi.

Varðandi magn og áhrif klórgass í andrúmslofti taldi Umhverfisstofnun að ekki lægju fyrir nógu skýrar upplýsingar um mögulegan hæsta styrk klórgass í andrúmslofti utan verksmiðjulóðar og hvaða áhrif gasið kæmi til með að hafa á lífríki og heilsu fólks. Framkvæmdaraðili svarar því svo að reikna megi með um 35g af losun klórs á dag en að meðtalinni neyðarlosun yrði hámarks magn innan við 1 kg á dag. Jafnframt bendir framkvæmdaraðili á að samkvæmt reglugerð nr. 390/2009, um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum, er hámarks leyfilegur styrkur klórs $1,5 \text{ mg/m}^3$, en að ekki hafi verið sett umhverfismörk fyrir klórgas.

Frárennsli


Varðandi vott af klór, klóratjónum og natríumklórati í frárennsli taldi Umhverfisstofnun ekki koma skýrt fram hvort og þá hvaða áhrif gætu hlotist á lífríki sjávar. Framkvæmdaraðili svaraði því svo að vatnsmagn frá verksmiðjunni sé lítið og styrkur þessara efna lágur og því talið að áhrif á lífríki sjávar verði hverfandi.


Umhverfisstofnun taldi ekki skýrt greint frá í greinargerð hvort möguleiki væri á því að natríumdíkrómat eða aðrir þungmálmar gætu sloppið út í einhverju snefilmagni við framleiðsluna. Þessu svaraði framkvæmdaraðili svo að það króm sem ekki færi með síuköku sem flutt verður út til endurvinnslu færi út sem snefilefni í natríumklórati. Auk þess þar sem hráefnið í framleiðsluna er salt sem inniheldur minna magn þungmálma en sjávarsalt telur framkvæmdaraðili ekki sérstaka áhættu á að natríumdíkrómat eða aðrir þungmálmar sleppi út í einhverju snefilmagni við framleiðsluna.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun fellst á svör framkvæmdaraðila en áréttar mikilvægi þess að styrk klórs í útblæstri sé haldið innan heilsuverndarmarka. Losunarmörk vegna starfseminnar munu verða skilgreind þegar sótt verður um starfsleyfi fyrir verksmiðjuna. Umhverfisstofnun telur í ljósi framangreindra upplýsinga ekki ástæðu til þess að ætla að umtalsverð umhverfisáhrif hljótist af framkvæmdinni og því sé hún ekki matsskyld

Virðingarfyllt


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Deildarstjóri


Halla M. Jóhannesdóttir

Afrit/Samrit sent:

Afrit/Samrit sent: